

Til forsætisnefndar.
Frá skrifstofu Alþingis.

Greinargerð skrifstofu Alþingis um þróun og framkvæmd laga og reglna um þingfararkostnað

(26. febr. 2018).

Á fundi forsætisnefndar Alþingis 19. febr. sl. var ákveðið að óska eftir greinargerð frá skrifstofunni um þróun og framkvæmd laga og reglna um þingfararkostnað. Greinargerðin er unnin með þátttöku flestra þeirra starfsmanna innan skrifstofunnar sem koma að framkvæmd við greiðslu þingfararkostnaðar.

1. Lög um þingfararkaup og þingfararkostnað eru frá 1995.

Núgildandi heildarlög um þingfararkaup og þingfararkostnað voru sett 1995. Þau mörkuðu þáttaskil um rétt þingmanna til að fá greiddan ýmsan kostnað sem þingstörfum fylgja, auk þess sem þá voru veittar heimildir til að greiða álag á þingfararkaup ef þingmaður gegndi sérstökum trúnaðarstörfum innan þingsins. Þessar breytingar tóku m.a. til húsnæðis- og dvalarkostnaðar, ferðakostnaðar, almenns starfskostnaðar o.fl.

Í skýringum með lagasetningunni segir svo um þessar breytingar:

1. Forseti Alþingis njóti sömu launakjara og ráðherrar.
2. Varaforsetar fá 15% álag á þingfararkaup.
3. Reglur um húsnæðiskostnað verði einfaldaðar þannig að allir þingmenn utan Reykjavíkur og Reykjaness fá greiddan húsnæðiskostnað, án tillits til lögheimilis, ýmist til þess að kosta dvalarheimili í Reykjavík eða til þess að hafa starfs- og dvalaraðstöðu í kjördæmi. Þeir alþingismenn, sem þurfa að halda tvö heimili, eiga jafnframt rétt á viðbótargreiðslu.
4. Dagpeningagreiðslur (svokallaðir fæðispeningar), sem þingmenn með lögheimili utan Reykjavíkur og Reykjaness fá um þingtímann, verði felldar niður.
5. Ferðakostnaðarreglur í kjördæmi verði rýmkaðar þannig að alþingismenn fá endurgreiddan kostnað við lengri ferðir til fundahalda innan kjördæmis.
6. Alþingismenn fá greiddan sérstakan starfskostnað til að mæta tilgreindum útgjöldum, svo sem til bóka-, blaða- og tímaritakaupa, námskeiðs- og ráðstefnugjalda og fleira þess háttar.
7. Settar verði skýrar reglur um leyfi alþingismanna frá opinberum störfum þegar þeir eru kosnir á Alþingi.
8. Alþingismenn fá að jafnaði því aðeins greitt þingfararkaup meðan þeir sinna opinberum erindum, einkum erlendis, og taka inn varamann að för þeirra standi í a.m.k. fimm daga. Er vonast til að þessi breyting dragi úr kostnaði við þingsetu varamanna.

9. Almennar reglur um fæðingarorlof og tryggingar gildi um alþingismenn.

Við meðferð frumvarpsins, sem flutt var af fulltrúum allra þingflokka, bættist svo við með breytingartillögu að formenn nefnda og formenn þingflokka hefðu álag til jafns við varaforseta.

Í framhaldi af samþykkt laganna setti forsætisnefnd ítarlegar reglur um þingfararkostnað þegar árið 1995, en þær hafa síðan tekið nokkrum breytingum, ekki síst eftir kjördæmabreytinguna 1999 (kom til framkvæmda í kosningunum 2003) en hún leiddi til mun stærri kjördæma en áður höfðu verið og aukins ferðakostnaðar þingmanna. Við þá breytingu voru tengdar ýmsar lagfæringar á kostnaðarreglum, svo sem um ferðakostnað í kjördæmi og ákvæði um aðstoðarmenn (sem síðan var numið úr gildi).

Fyrri lög, nr. 75/1980, sem sett voru eftir að þingfararkaupsnefnd var lögð niður og verkefni hennar falin Kjaradómi, voru mun takmarkaðri varðandi greiðslur til þingmanna. Þær byggðust að nokkru leyti á því hvar lögheimili þeirra var. Það hefur ekki lengur áhrif á greiðslur til þingmanna.

Útgjöld við þingfararkostnað jukust talsvert við setningu nýju laganna 1995, bæði vegna föstu greiðslanna (álags fyrir formennsku, starfskostnaðar o.fl.) og þess að ferðakostnaður í öllum kjördæmum varð allnokkru meiri, sérstaklega með heimildinni til að endurgreiða ferðakostnað í eigin kjördæmi. Hafa verður þó í huga í þessu sambandi að samgöngur höfðu batnað mikið og tækifæri þingmanna til að fara um kjördæmi sín á bíl allt árið voru miklu meiri. Með gildistöku laganna 1995 varð heimilt að greiða fyrir akstur í eigin kjördæmi, eins og fyrr segir, ef ekið var meira en 30 km frá heimilinu. Þá var hámark á akstrinum 1.200 km á ári. Með þessu átti að tryggja að þingmenn fengju í meginatriðum endurgreiddan ferðakostnað tengdan fundum í kjördæminu.

Eins og áður segir hafa reglur forsætisnefndar um þingfararkostnað breyst og þróast með breyttum aðstæðum. Mesta breytingin varð eftir kjördæmabreytinguna 1999/2003 með nýjum reglum sem tóku gildi 2007. Þá var fastur ferðakostnaður í kjördæmum, sem hafði verið lægri í Reykjavíkurborg kjördæmum en öðrum kjördæmum, hækkaður og varð hann jafn í öllum kjördæmum. Einnig var 30 km viðmiðun um skilyrði þess að fá endurgreiddan akstur í eigin kjördæmi lækkuð í 15 km. Loks var þakið á akstri í eigin kjördæmi, sem var 1.200 km, afnumið. Með því má segja að allur akstur utan næsta nágrennis heimilis eða starfsstöðvar hafi komið til endurgreiðslu.

Í tengslum við þingskapabreytingarnar 2011-2012 var tekin upp sú regla að 1. varaformaður nefndar fengi 10% álag og 2. varaformaður 5% álag. Nokkru áður, árið 2003, höfðu formenn flokka, sem ekki sátu í ríkisstjórn, fengið 50% álag á þingfararkaup. Það færði þá nær ráðherrum í launum.

2. Afgreiðsla fastra greiðslna.

Um allar fastar mánaðarlegar greiðslu gildir að þær byggjast á lögum, ákvörðun kjararáðs eða reglum og samþykktum forsætisnefndar. Þær eru greiddar af Fjársýslu ríkisins eftir fyrirmælum frá skrifstofu Alþingis. Þær geta aðeins breyst

við nýjar launaákvörðanir kjararáðs eða nýjar ákvörðanir forsætisnefndar á fjárhæðum fastra kostnaðargreiðslna. Verði breyting á stöðu þingmanns, hann hættir sem formaður nefndar (og missir þá álag), þingmaðurinn verður ráðherra (fær ekki ferðakostnað) o.s.frv., breytast fastar mánaðarlegar greiðslur í samræmi við það.

Ákvörðanir forsætisnefndar um árlegar breytingar á fjárhæð fastra greiðslna hafa verið byggðar á verðlagshækkunum samkvæmt vísitölum, þó með þeim undantekningum að allar greiðslur voru frystar á árunum 2009-2012.

Fastar greiðslur, auk þingfararkaups og álags, eru húsnæðis- og dvalarkostnaður, akstur í eigin kjördæmi og starfskostnaður. Tvær hinar síðastnefndu lækkuðu mikið í janúar 2017.

3. Greiðsla ferðakostnaðar.

Um allan ferðakostnað sem Alþingi greiðir, af hvaða tagi sem hann er, gildir að gæta skuli allrar hagkvæmni sem völ er á og við verður komið. Verði kostnaður við ferð umfram það sem skrifstofan hefur lagt til, eða reiknast til, greiðist það sem umfram er af þingmanni sjálfum. Þannig er t.d. um ferðalög erlendis, ef þingmaður vill lengja dvöl eða leggja lykkju á leið sína í ferðinni, þá greiðir hann sjálfur allan aukakostnað sem af því hlýst. Sama gildir um ferðir innan lands; þannig er aðeins endurgreitt sem nemur flugfargjaldi milli staða þótt þingmaður kjósi að fara á eigin bifreið, ef það er ódýrara fyrir Alþingi. Frá þessu er aðeins vikið ef augljósar ástæður eru, óveður, flug fellur niður o.s.frv.

Hluti ferðakostnaðar þingmanna er greiddur af skrifstofunni beint. Svo er um ýmsan ferðakostnað innan lands, t.d. þegar um er ræða langtímaleigu á bílaleigubíl. Annar ferðakostnaður, svo sem flugferðir og akstur á bílaleigubílum í tilfallandi ferðum, er endurgreiddur samkvæmt framlögðum reikningi þingmanns. Þingmenn hafa flugkort og skrifstofan semur um afslætti við flugfélög. Gera þarf grein fyrir öllum ferðum með skýringum á kvittunum eða í akstursbók. Að mestu er hér um að ræða ferðir á fundi, en einnig heimferðir þingmanna, daglega eða um helgar. Endurgreiðslur eru á grundvelli útlagðs kostnaðar, nema akstur á eigin bifreið þar sem greitt er samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis.

Ferðakostnaður erlendis byggist að mestu leyti á ferðum sem þingmenn fara í tengslum við fundi og ráðstefnur alþjóðasamtaka sem Alþingi á aðild að og tengjast alþjóðanefndum þingsins, en forsætisnefnd samþykkir í byrjun hvers árs ferðaheimildir þeirra. Einnig eru nokkrar ferðir forseta í tengslum við fundi og ráðstefnur sem hann þarf að sækja, svo og einstök önnur tilfelli. Heimildir þurfa að vera fyrir öllum ferðum og gengur skrifstofan eftir því. Ferðapantanir og uppgjör eru í höndum skrifstofunnar og er ávallt gætt hagkvæmni eins og mest má vera í innkaupum, bæði varðandi fargjöld og gistingu. Ferðast er á almennu farþegarými og leitað lægstu fargjalda hverju sinni. Þingmenn fá dagpeninga við upphaf ferðar en við uppgjör ferðakostnaðar fer eftir reglum nr. 1/2009 og njóta þingmenn sömu kjara og ráðherrar og forseti Hæstaréttar (sbr. 9. lið reglnanna), þ.e. 2/3 dagpeninga, auk gistikostnaðar, en greiða staðgreiðslu af því sem er umfram hálfu dagpeninga.

4. Endurgreiddur ferðakostnaður innan lands.

Öllum beiðnum um endurgreiðslur ferðakostnaðar, þar á meðal á eigin bifreið, skulu fylgja upplýsingar um tilefni, svo sem fundi sem boðað er til eða þingmaður er boðaður á. Skylt er að skrá nákvæmlega um ferðina í akstursbók, km-fjöldi o.s.frv. ef um akstur á eigin bifreið er að ræða. Ekki hefur verið krafist staðfestingargagna um að fundur eða atburður hafi átt sér stað. Skrifstofan hefur eigi að síður oft og einatt beðið um viðbótarskýringar þannig að þær séu fullnægjandi áður en greiðsla fer fram. Að fundur eða athöfn hafi farið fram (ferðatilefnið) er ávallt á ábyrgð þingmanna. Ekki hafa komið upp tilvik þar sem krefja hefur þurft þingmann endurgreiðslu.

5. Heimanakstur.

Samkvæmt lögum um þingfararkostnað eiga þingmenn, sem búa nærri Reykjavík og geta ekið til Alþingis daglega, rétt á að fá slíkan akstur greiddan. Á móti kemur að þeir fá þriðjung af húsnæðiskostnaði, þ.e. 44.680 kr. í stað 134.041 kr. og er það til að standa undir tilfallandi gistingu í Reykjavík, m.a. vegna veðurs, langra funda o.s.frv. Skrifstofan fylgist með að réttur (viðurkenndur) kílómetrafjöldi sé skráður milli heimilis og Alþingis. Um einstakar ferðir, þ.e. hvaða daga er ferðast, fer eftir akstursbók þingmannsins. Þær tengjast þingfundum, nefndafundum, þingflokksfundum og öðrum fundum í Reykjavík.

Ákvæði um notkun bílaleigubíla kom fyrst inn í reglur forsætisnefndar árið 2007, enda hafði þá verð fyrir slíka þjónustu lækkað mikið. Farið var að nota bílaleigubíla til og frá flugvelli innan lands og í einstakar ferðir þingmanna milli kjördæma. Hefur sá ferðamáti aukist mjög undanfarin ár. Um og eftir 2010 var tekið upp það fyrirkomulag að þingmenn, sem áttu aðalheimili sitt úti á landi (þ.e. voru með tvö heimili), gátu fengið bílaleigubíl til ferða í Reykjavík um þingtímann, og gátu þannig haft eigin bifreið á aðalheimili; áður óku þeir til og frá Reykjavík til að hafa bíl sinn til ráðstöfunar yfir þingtímann í Reykjavík. Þessir þingmenn fljúga nú yfirleitt milli heimilis og þingstaðar og nota bílaleigubíl í Reykjavík (sem þeir kosta eldsneyti á). Þetta fyrirkomulag hefur reynst ódýrara og hagkvæmara fyrir Alþingi og þægilegt fyrir viðkomandi þingmenn.

Heimanakstursmenn hafa aðallega verið búsettir á Suðurnesjum, á Akranesi eða í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendi; yfirleitt um klukkustundarakstur að meðaltali frá Reykjavík. Skrifstofan reiknaði það út á árinu 2016 að hagkvæmara væri fyrir Alþingi að þingmenn ækju fremur á bílaleigubíl en eigin bifreið ef akstur færi á ári umfram 15 þús. km. Var það km-mark sett í reglur forsætisnefndar í október það ár, þ.e. 5. mgr. 6. gr. Var það kynnt þingmönnum, sérstaklega nýjum þingmönnum, eftir kosningarnar 2016 og enn fremur eftir kosningarnar 2017, með tölvupósti til þeirra þingmanna sem það varðaði. Alveg frá upphafi kjörtímabils 2013 hefur verið haft samband við þingmenn sem aka mikið og þeir hvattir til að nota fremur bílaleigubíla en eigin bifreið ef hagkvæmara hefur þótt. Sumir hafa brugðist við því og orðið við ábendingum en aðrir ekki. Hefur því verið borið við að miklu þægilegra væri fyrir þingmenn að nota eigin bíl; oft færi saman akstur í þágu

þingstarfsins og einkaakstur, bílaleigubílar væru ekki nógu stórir og öflugir til vetrarferða og afnotaréttur að bílaleigubílum væri ekki nægilega skýr (einkaafnot, tryggingar o.s.frv.). Þingmenn, sem í hlut eiga, hafa rætt við formenn þingflokka og forseta og óskað eftir því að breyttri framkvæmd yrði frestað meðan farið yrði yfir athugasemdir þeirra. Enn fremur hefur því verið haldið fram að breytingin hafi ekki verið nægilega vel kynnt né þeim gefinn tími til að gera aðrar ráðstafanir.

Á kjörtímabilinu 2013-2016 var starfandi nefnd þriggja þingmanna sem hafði það verkefni að endurskoða reglur um þingfararkostnað. Hún safnaði gögnum og ræddi ýmsa þætti í framkvæmd reglnanna, þar á meðal um heimanakstur, akstur á eigin bifreiðum o.fl. Tillögur nefndarinnar, þar á meðal um að setja fyrrnefnt ákvæði um 15 þús. km-mark fyrir akstur á eigin bifreið, voru lagðar fram á fundi forsætisnefndar 10. okt. 2016 og samþykktar einróma.

Akstur heimanakstursmanna verður eðli málsins samkvæmt alltaf mikill, og þegar rætt er um mikinn akstur þingmanna í kjördæmi er rétt að draga heimanakstur frá til þess að fá samanburð milli þingmanna, t.d. þeirra sem að jafnaði fljúga í kjördæmi sín um helgar eða á fundi og nota bílaleigubíla í tengslum við þær ferðir. Frá sjónarmiði skrifstofunnar verður á hinn bóginn heildarakstur, af hvaða tagi sem er, að ráða mati á því hvort hagkvæmara sé að aka eigin bíl eða bílaleigubíl.

Hafa verður í huga í þessu sambandi að stundum getur verið hagkvæmara fyrir Alþingi að þingmenn noti eigin bifreið fremur en bílaleigubíl ef akstur er ekki mikill.

Akstur á ekinn km á eigin bifreið hefur verið endurgreiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis. Um þá viðmiðun eru skýr ákvæði í reglum forsætisnefndar. Rætt hefur verið um hvort byggja megi endurgreiðslurnar á öðrum tölum, svo sem á skattmatsreglum ríkisskattstjóra, en þær eru eðli málsins samkvæmt af öðru tagi, eru til viðmiðunar um skattskyldu hlunninda. Hitt er ljóst að km-gjald ferðakostnaðarnefndar miðast almennt ekki við mikinn akstur á eigin bifreið.

6. Starfskostnaður.

Almennt fá þingmenn greiddan fastan starfskostnað og greiða af honum staðgreiðslu. Þeim er þó heimilt að leggja fram reikning og kemur fjárhæð þeirra þá til lækkunar á staðgreiðslugrunni. Reikningar þurfa að vera á réttu formi og frá þriðja aðila (aldrei frá þingmanni sjálfum). Þá er þess gætt að tilgreint sé tilefni útgjalda og að það falli að reglum sem forsætisnefnd hefur sett um hvað fellur undir starfskostnað og hvað ekki. Ekki er kannað hvort fundur eða samkoma, sem leiddu til útgjalda fyrir risnu, fundarsal eða veitingar, svo dæmi séu nefnd, hafi raunverulega átt sér stað, en þess gætt að skráning og skýringar séu í samræmi við reglur.

7. Greiðslur til varamanna.

Allar greiðslur til varamanna, sem sitja um skamman tíma á Alþingi, skemur en fjórar vikur, miðast nú við, auk hlutfalls þingfararkausps, útlagðan kostnað, svo

sem við ferðir, gistingu og annað samkvæmt reikningum sem þeir leggja fram. Varaþingmönnum utan af landi stendur þó ávallt til boða að fá hlutfallslega af föstum húsnæðis- og dvalarkostnaði fyrir þann tíma sem þeir dveljast í Reykjavík.

8. Síma- og netkostnaður.

Þingmenn eiga rétt á því að fá endurgreiddan kostnað við síma, og hefur verið miðað við að það taki til heimasíma og farsíma. Sömuleiðis hefur þetta ákvæði verið túlkað þannig að það nái einnig til nettengingar. Skrifstofan greiðir þennan kostnað að mestu leyti beint, þ.e. reikningar ganga ekki til þingmanna. Þjónustan er keypt í samræmi við rammasamning Ríkiskaupa. Símakostnaður hefur lækkað mjög mikið undanfarin ár og hafa náðst mjög hagkvæmir samningar um þjónustuna. Skrifstofan skiptir nú beint við Símann, en þeir þingmenn, sem kjósa að skipta við önnur fjarskiptafyrirtæki, og eftir atvikum fá meiri þjónustu, geta fengið útgjöldin endurgreidd, en þá er hámark endurgreiðslunnar miðað við gjaldskrá Símans og það sem gildir almennt fyrir þingmenn.

Þingmenn geta framvísað reikningi fyrir nýjum síma annað hvert ár. Hámark endurgreiðslu samkvæmt reikningi er 80 þús. kr. í hvert sinn.

9. Fæðingarorlof o.fl.

Þingmenn fá greitt fæðingarorlof eins og landsmenn almennt. Greiðslur til þeirra fara eftir reglum Fæðingarorlofsjódó. Skrifstofan hefur aðstoðað við umsóknir og veitt ýmsar leiðbeiningar. Allar greiðslur til þingmanna samkvæmt þingfararkaupslögum falla niður meðan á fæðingarorlofi stendur, nema húsnæðiskostnaður þeirra þingmanna sem halda tvö heimili.

Þingmenn njóta slysatrygginga með sama hætti og opinberir starfsmenn.

Þingmenn eiga rétt samkvæmt reglum kjararáðs á sambærilegum greiðslum og embættismenn fá úr fjölskyldu- og styrktarsjóðum, sambærilegum greiðslum (endurgreiðslum samkvæmt reikningum) og opinberir starfsmenn fá frá stéttarfélagum sínum.

10. Önnur atriði við framkvæmdina.

Nokkuð hefur verið rætt um greiðslur til þingmanna samkvæmt lögum um þingfararkostnað við sérstakar aðstæður, svo sem fyrir kosningar eða prófkjör. Engar reglur eru um slíkt, enda gætu þær verið erfiðar í framkvæmd og mörg álitamál komið upp, t.d. hvaða greiðslur ættu að falla niður og við hvaða dagsetningu ætti að miða. Sérstaklega ætti það þó við um prófkjör eða val á framboðslista sem getur verið með margvíslegum hætti.

Hér hefur verið miðað við hvað hverjum og einum þingmanni þykir réttast að gera. Þess má geta að skrifstofunni er kunnugt um að nokkrir þingmenn hafi ekki sent reikninga fyrir ferðakostnaði í aðdraganda kosninga o.s.frv.

Loks má nefna að skrifstofan beindi þeim tilmælum til þingmanna áður fyrr að senda ekki fjölpóst til kjósenda skömmu fyrir kosningar og var því almennt fylgt; en fjölpóstur heyrir nú að mestu sögunni til.

11. Eftirlit og frágangur reikninga.

Eins og fram hefur komið hefur skrifstofan fyrst og fremst gætt að því að fram komi þær upplýsingar sem gerð er krafa um svo að greiða megi þá reikninga sem borist hafa frá þingmönnum eða fyrir störf þeirra að öðru leyti. Skrifstofan hefur ekki talið sig hafa heimild til að meta ferðatílefni hverju sinni og úrskurða um það og ekki hefur verið krafist staðfestingar á því t.d. að fundur hafi átt sér stað. Þar hefur verið treyst á heiðarleika þingmanna. Engin formleg athugasemd hefur verið gerð af hálfu skrifstofunnar um tílefnislausu reikninga og skrifstofan hefur engin gögn í sínum höndum sem benda til þess að þingmenn hafi vitandi vits eða af ásetningu reynt að krefja Alþingi um endurgreiðslur umfram það sem þeir áttu rétt á. Skrifstofan hefur heldur aldrei greitt reikning eða endurgreitt reikning sem hún hefur talið sig vita að væri tílefnislaus. Væri eitthvað athugavert við reikning og tílefni hans hefur reikningurinn verið endursendur með ósk um frekari skýringar o.s.frv. Skrifstofan hefur oft átt samtöl við þingmenn um eitt og annað varðandi greiðslur til þeirra, eins og áður er rakið, t.a.m. um að akstur sé mikill, símreikningur hár o.s.frv. Slík matsatriði hljóta alltaf að koma upp í umfangsmiklum rekstri. Það hafa aðeins verið ábendingar af hálfu skrifstofunnar og þeim hafa þingmenn oftast tekið vel og brugðist við þeim.

Skrifstofan, og einstakir starfsmenn hennar á fjármálaskrifstofu, hefur talið sig hafa leiðbeiningarhlutverk við afgreiðslu þessara mála og hafa þingmenn yfirleitt treyst á leiðsögn þeirra. Varla er hægt að ætlast til þess að þingmenn setji sig inn í öll smáatriði starfskjara sinna og því eðlilegt að þeir spyrji um hvort greitt sé fyrir þetta eða hitt. Þeir fallast yfirleitt alltaf á afstöðu, leiðbeiningar eða úrskurð skrifstofunnar í þessum efnum.

Enginn þingmaður hefur beinlínis áfrýjað úrskurði skrifstofunnar til forsætisnefndar, eins og lög þó veita rétt til.

Loks er rétt að taka fram að samkvæmt nýjum lögum um ríkisendurskoðanda, nr. 46/2016, skal hann tilnefna óháðan löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða reikninga Alþingis. Ríkisendurskoðandi tilnefndi á sl. ári endurskoðunarfyrtækið PWC til að annast endurskoðun að undangengnu útboði. Endurskoðendur hafa með úrtakskönnunum skoðað frumskjöl. Reikningar Alþingis hafa ávallt verið undirritaði af Ríkisendurskoðun án fyrirvara. Þess má þó geta að í endurskoðunarskýrslu frá stofnuninni fyrir árið 2011 var sérstakur kafli um endurskoðun á aksturskostnaði þingmanna og var lagt til að Alþingi tæki ferðamáta þingmanna til skoðunar með meiri hagkvæmni að markmiði. Í endurskoðunarskýrslum fyrir árin 2014 og 2015 var þetta ítrekað og bent á að ríkið, og þar með Alþingi, fengi afslátt á bílaleigubílum og greint frá því að fjármálaskrifstofan hefði leitast við að nýta þá þar sem hagkvæmt væri. Þeirri ábendingu var árið 2014 beint til forsætisnefndar að hún hlutaðist til um að settar yrði viðmiðunarreglur um hvaða ferðamáti innan lands hentaði þingmönnum best miðað við aksturþörf. Við þessum ábendingum Ríkisendurskoðunar hefur verið brugðist. Þær voru ræddar í þeirri nefnd

Þingmanna sem áður var vikið að og vann að endurskoðun þingfararkausreglnanna. Niðurstaðan var sú að reglunum var breytt í október 2016 í samræmi við tillögur nefndarinnar og ábendingar Ríkisendurskoðunar.